

Fjórðungsping Vestfirðinga

Haldið 2. apríl 2025 í Edinborgarhúsinu á Ísafirði

Þingskjal nr. 9

Ályktun um þrennu sértækra Vestfjarðaskatta

70. Fjórðungsping Vestfirðinga lýsir miklum áhyggjum af þreföldum sértækum Vestfjarðasköttum sem boðaðir er í fjármálaáætlun ríkisins. Tvöföldun veiðigjalds, hækkun fiskeldisgjalds og sérstakur skattur á skemmtiferðaskip munu eins og þau eru lögð upp hafa gríðarleg áhrif til hins verra á auðlindadrifið útflutningshagkerfi Vestfjarða. Þessir þættir, auk kílómetragjalds, kolefnisgjalds og óvissu í tengslum við flug til Ísafjarðar eru til þess fallnir að draga úr samkeppnishæfni atvinnulífs og sveitarfélaga á Vestfjörðum.

70. Fjórðungsping að vori hvetur stjórnvöld til að endurskoða þessi áform og draga þannig úr þeirri óvissu sem framlögð fjármálaáætlun hefur skapað á Vestfjörðum. Boðaðar mótvægisáðgerðir eru enn óútfærðar og fyrirsjáanleiki að auknum tekjum ríkisins verði ráðstafað í uppbyggingu í þágu Vestfirðinga ekki til staðar.

Flutningsmaður: Gylfi Ólafsson

Ályktun samþykkt samhljóða.